



Skráning starfsstöðva

Til vinnustaða sem eru staðsettir í mörgum sveitarfélögum

Vinnustaðir sem staðsettir eru í fleiri en einu sveitarfélagi geta keppt saman undir einum vinnustað ásamt því að hver og ein starfsstöð getur keppt sem sér vinnustaður innan síns sveitarfélags á jafnréttis grundvelli.

Þegar vinnustaður með starfsstöðvar í fleiri en einu sveitarfélagi skráir sig til leiks er mögulegt að skrá inn allar starfsstöðvar, fjölda starfsmanna á hverri starfsstöð og sveitarfélagið sem starfsstöðin tilheyrir.

Þegar búið er að stofna vinnustaðinn geta aðrir skráð sig inn og stofnað sín lið undir sínum starfsstöðvum.

Þegar liðsstjóri bætir við liði velur hann sinn vinnustað úr felliglugga, því næst velur hann þá starfsstöð sem liðið hans tilheyrir og að því loknu klárar hann skráningu á liðinu sínu og vistar. Liðið hans er þá skráð sem lið undir vinnustaðnum í vinnustaðakeppninni og telur með eins og venjulega hvað varðar fjölda daga. Ef sveitarfélagið sem viðkomandi starfsstöð tilheyrir er svo skoðað birtist nafn vinnustaðarins þar undir ásamt liðinu og öðrum liðum sem tilheyra þeirri starfsstöð. Þegar árangur vinnustaðarins er svo reiknaður út í sínum flokki innan þessa ákveðna sveitarfélags er það reiknað sem:

Hlutfall daga = *Heildarfjöldi daga sem liðin undir þessari starfsstöð vinnustaðarins, í þessu sveitarfélagi hafa hjólað / fjölda starfsmanna þessarar starfsstöðvar*

Tökum dæmi:

Vinnustaðurinn Kirkjufell er með höfuðstöðvar sínar í Reykjavík en er einnig með starfsstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Forsvarsmaður Hjólað í vinnuna hjá Kirkjufelli skráir vinnustaðinn til leiks undir kennitölu vinnustaðarins, skráir inn heildarstarfsmannafjöldann sem er 56 og skráir jafnframt inn starfsstöðvarnar á Akureyri og Egilsstöðum sem og starfsstöðina í Reykjavík. Starfsmannafjöldinn skiptist þannig að á Akureyri vinna 8 manns, á Egilsstöðum 14 og í Reykjavík 34. Eftir að hann hefur lokið skráningu skráir hann jafnframt inn sitt lið og merkir við að hans lið tilheyrir starfsstöðinni í Reykjavík. Því næst skrá samstarfsfélagar hans inn sín lið. 2 önnur lið eru skráð undir Reykjavík, eitt lið undir Akureyri og 2 lið undir Egilsstaði, samtals 6 lið.

Ath. öll liðin eru skráð inn undir sama vinnustaðinn.



Þegar „Staða vinnustaða“ er skoðuð undir flokknum 40 – 69 starfsmenn birtast öll 6 liðin þar undir og er hlutfall daga reiknað út sem heildarfjöldi daga sem öll þessi 6 lið hafa hjólað deilt með heildarfjölda starfsmanna hjá Kirkjufelli, eða með 56.

Þegar staða einstaka sveitarfélaga t.d. staða Fljótdalshéraðs (Egilstaðir tilheyra Fljótdalshéraði) er skoðuð birtist vinnustaðurinn Krikjufell þar undir flokknum 10 - 19 starfsmenn. Ef smellt er á Kirkjufell birtast þau tvö lið sem voru skráð undir Kirkjufelli á Egilsstöðum. Hlutfall daga fyrir Krikjufell undir Fljótdalshéraði er þá reiknað sem:

Hlutfall daga = *Heildarfjöldi daga sem þessi tvö lið hafa hjólað / deilt með starfsmannafjölda Krikjufells á Egilsstöðum (14).*

Vonum við að þetta varpi skýrara ljósi á þátttöku vinnustaða innan hvers sveitarfélags og hver og einn vinnustaður njóti sín betur á jafnréttisgrundvelli innan síns sveitarfélags.

Ef þörf er á frekari upplýsingum eða útskýringum er hægt að hafa samband í síma 514-4000 eða á netfangið hjoladivinnuna@isi.is.

Ath. Mikilvægt er að höfuðstöðvar þeirra vinnustaða sem þetta gildir um skrái vinnustaðinn inn áður en lið undir starfsstöðum byrja að skrá sig til leiks.

Notum virkan ferðamáta

Hjólum – Göngum – Hlaupum – Tökum strætó



Nánari upplýsingar eru á www.hjoladivinnuna.is